

fram í samningnum, er aðiljar gerðu upp allar sínar fjármálaskir. Þykir ekki hafa komið fram í málinu, svo að sannað verði, að gerðarbeiðandi hafi sett skilyrði fyrir greiðsluskyldu sinni.

Með því að semja um það sín á milli, að áfallandi lífeyrisgreiðslur samkvæmt rskj. 1 gengju upp í margvefnda kröfu Jóns Bjarnasonar, hafi þeir gerðarþoli og Jón á eigin eindæmi ráðstafað fjármálum hennar, sem þeir höfðu ekki rétt til, enda kemur ekki fram, að þeir hafi fengið samþykki hennar til þessa fyrirkomulags, þó að rætt hafi verið um skuldajöfnun í sambandi við gerð samningsins á rskj. 2.

En með tilliti til þess, að gerðarbeiðandi hefst ekki handa um innheimtu lífeyrisfjárins, fyrr en á fallnar voru greiðslur fyrir 20 mánuði, og lögtakskröfurnar hafa verið jafnaðar með þessum greiðslum gerðarþola til Jóns Bjarnasonar, þykir ekki rétt, úr því sem komið er, að láta umbeðið lögtak ná fram að ganga.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Lögtaksgerðin fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 6. október 1967.

Nr. 81/1967. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Steingrími Aðalsteinssyni.

(Þorvaldur Þórarinnsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Málsatvik benda til þess, að hraði bifhjólsins Y 46 hafi verið meiri en ökumaður þess heldur fram. Þrátt fyrir það verður ákærði eigi talinn hafa sýnt næga aðgæzlu, þar sem

honum bar skilyrðislaust að víkja fyrir umferð um Fríkirkjuveg. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Steingrímur Aðalsteinsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. desember 1966.

Ár 1966, mánudaginn 12. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 607/1966: Ákærvaldið gegn Steingrími Aðalsteinssyni, sem tekið var til dóms 28. f. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 29. ágúst 1966, höfðað gegn ákærða Steingrími Aðalsteinssyni atvinnubifreiðarstjóra, Álfheimum 44, Reykjavík, fæddum 13. janúar 1903 að Mýralóni, Glæsibæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu, fyrir að hafa að kvöldi þriðjudagsins 28. september 1965 ekið bifreiðinni R 1505 vestur Skothúsveg í Reykjavík og inn á Fríkirkjuveg án þess að gæta nægilega biðskyldu þar á gatnamótunum með þeim afleiðingum, að árekstur varð milli bifreiðar ákærða og léttis bifhjóls, Y 46, sem ekið var suður Fríkirkjuveg.

Telst þetta varða við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr. 48.

gr. og c-lið 3. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Sakavottorð ákærða hljóðar svo:

- 1953 8/9 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lög-reglusamþykktar.
- 1954 11/6 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lög-reglusamþykktar.
- 1954 15/7 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 26. og 27. gr. 2. gr. (sic) umferðarlaga og 46. gr. lögreglusamþykktar.
- 1954 8/11 í Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar og 26. og 27. gr. bifreiðalaga.
- 1959 6/2 í Reykjavík: Áminning fyrir rangstefnuakstur.
- 1960 18/10 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 48. gr. umferðarlaga.
- 1960 18/11 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 48. gr. umferðarlaga.
- 1961 17/3 í Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1961 16/11 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á umferðar-lögum.
- 1962 27/6 í Reykjavík: Áminning fyrir umferðarlagabrot.
- 1962 8/10 í Reykjavík: Áminning fyrir ökuhraða.

Málsatvik eru þessi:

Þriðjudaginn 28. september 1965 klukkan 1855 var lögreglu tilkynnt, að árekstur hefði orðið litlu fyrr á gatnamótum Skot-húsveggar og Fríkirkjuveggar hér í borg. Lögreglan fór á staðinn, en þar höfðu rekizt saman bifreiðin R 1505 og létt bifhjól, Y 46. Miklar skemmdir urðu á bifhjólinu og nokkrar á bifreiðinni.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi greint sinn ekið vestur Skothúsveg og dregið úr ferð, er að gatnamótunum kom. Kvaðst ákærði fyrst hafa litið til vinstri eftir Sóleyjargötu og enga umferð séð þar, en síðan til hægri eftir Fríkirkjuvegi „og ekki séð neina umferð aðra þar en bíla, er hafi verið það langt frá, að ekki hafi verið ástæða til að nema staðar fyrir þeim“. Sagðist ákærði því hafa haldið áfram ferð sinni áleiðis yfir gatnamótin, en heyrt högg á afturhluta bifreiðarinnar, er hann var kominn yfir miðja götuna, og þá strax numið staðar. Ákærði sagði, að regnúði hefði verið og skyggni því ekki gott „og eins hafi farþegi verið við hægri hlið hans í bifreiðinni og geti það verið ástæðan fyrir því, að hann sá ekki piltinn á hjólinu“.

Vitnið Gunnar Bergmann Arnkelsson kvaðst hafa ekið bifhjólínu á lítilli ferð suður Fríkirkjuveg við vinstri götulínu. Sagði vitnið, að ákærði hefði ekið viðstöðulaust inn á aðalbrautina og í veg fyrir það. Kvaðst vitnið þá hafa verið komið það nálægt bifreiðinni, að ógerlegt hefði verið fyrir það að forða árekstri, þótt það beitti hemlum og reyndi að sveigja aftur fyrir bifreiðina. Vitnið sagðist hafa haft hvítan hjálm á höfði og taldi því, að vel hefði átt að sjást til þess.

Ákærði hefur í vörn sinni m. a. haldið því fram sem sýknaðstæðu, að honum hafi verið vítalaust að aka inn á gatnamótin, þar sem ekki hafi verið unnt að sjá til bifhjólsins frá þeim stað, er matið um biðskylduna var framkvæmt. Fullyrðing þessi er ekki í samræmi við þá frásögn ákærða, að hann hafi séð bifreiðar, sem fjær voru en bifhjólið, en auk þess ber ákærða að hafa stöðugar gætur á umferð aðalbrautarinnar og gæta þess, að akstur hans ylli henni ekki hættu eða óþægindum. Verður dómurinn að telja, að ákærði hafi ekki gætt þessa nægilega, og er háttsemi hans rétt lýst í ákæru og varðar við lagaákvæði þau, sem þar eru rakin.

Refsing ákærða þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 3.000 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 3 dagar, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Steingrímur Aðalsteinsson, greiði 3.000 króna sekt í ríkissjóð, en sæti varðhaldi 3 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.